

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi 17.10.2018]

Meginmarkmið áhættustefnu er að tryggja að Orka náttúrunnar geti sinnt grunnhlutverki sínu á sem hagstæðastan máta með lágmarksáhættu. Þetta gerir ON með því að:

- draga úr sveiflum í afkomu ON á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhætta í rekstrinum og að áhættuþættir séu ávallt innan skilgreindra marka sem stjórnin setur og er skráð í áhættuhandbók. Mynd að neðan tilgreinir helstu áhættuþætti í samstæðu ON.
- tryggja að ON hafi nægt fé til að standa undir reglulegri starfsemi.

Stjórn felur áhætturáði að framfylgja áhættustefnu í rekstri ON og innan marka sem sett eru í áhættuhandbók. Breytingar á mörkum krefjast samþykktar stjórnar ON.

Áhættustefnan byggir á gildum og heildarstefnu ON og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðu OR.

Tilvísanir:

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[VLT-001](#); Áhættuhandbók.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi 17.10.2018]

ÁHÆTTUR Í REKSTRI ORKU NÁTTÚRUNNAR

Heiti	Kjarnaáhætta	Markaðsáhætta	Lausafjáraáhætta	Mótaðilaáhætta	Rekstraráhætta
Skilgreining	<p>Fylgir alltaf kjarnastarfsemi ON</p> <p>Áhætta við orkuöflun, framleiðslu og –sölu</p> <p>Samkeppni á kjarnasviðum</p>	<p>Áhrif markaðssveiflna á fjárhagslegan styrk ON</p> <p>Gengissveiflur</p> <p>Erlent og innlent vaxtastig</p> <p>Verðlagsþróun</p> <p>Vaxtaálag</p> <p>Verð á áli</p>	<p>Geta ON til að mæta skuldbindingum</p> <p>Rekstrarútgjöld</p> <p>Afborganir af lánnum</p> <p>Fjárfestingar</p> <p>Samsetning eignasafns</p>	<p>Áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á ON</p> <p>Stærð einstakra viðskiptavina</p> <p>Einsleitir hópar viðskiptavina</p> <p>Innheimtuúrræði og endurheimtur</p>	<p>Áhrif áfalla og ófyrirséðs tjóns á fjárhag ON</p> <p>Bilanir</p> <p>Slys og eldsvoðar</p> <p>Eitrun og mengun</p> <p>Mistök og svik</p> <p>Regluverk og lögsóknir</p> <p>Náttúruvá</p> <p>Orðspor</p>
Markmið	<p>Kjarnaáhætta fylgir kjarnastarfsemi ON</p>	<p>Fjárhagslegum áhættum skal stýrt</p>			<p>Dregið skal úr rekstrar-áhættu</p>

Kjarnastarfsemi er skilgreind í eigendastefnu OR. ON er þjónustu- og framleiðslufyrirtæki á sviði orkuframleiðslu.

Áhættuhandbók samstæðu OR lýsir heildarsýn og meginmarkmiðum stjórnar ON við takmörkun áhættu fyrir utan kjarnaáhættu. Áhættuhandbók skilgreinir tegundir áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt aðferðum og markmiðum.

Kjarnaáhætta er sú áhætta sem fylgir kjarnastarfsemi ON. Dæmi um kjarnaáhættu ON er þróun orkuverðs til langs tíma. Kjarnaáhætta mótast af langtímastefnu ON og stendur að mestu leyti utan áhættustýringar frá degi til dags en er mjög mikilvægt viðfangsefni við stefnumótun, nýfjárfestingar o.s.frv.

Áhættuhandbók er ítarleg útfærsla á áhættustefnunni sem nýtist við rekstur ON frá degi til dags. Hún skilgreinir ferla, markmið, verksvið, ábyrgð og ýmsa mælikvarða nánar en gert er í áhættustefnunni og er ætlað að vekja starfsmenn til vitundar um áhættustýringu.

Áhættuskýrsla er lögð fyrir stjórn á hverjum reglulegum fundi. Hlutverk hennar er að upplýsa um og meta áhættur í rekstri ON, fara yfir hvernig áhættustefnunni er fylgt eftir og hvernig áhættuþættir hafa þróast.